

**Nd.**

**212. Breytingartillögur**

við frv. til l. um innflutning á kartöflum o. fl.

**I. Frá Sveini Ólafssyni.**

Fyrir »kartöflur« hvarvetna í frv. komi í viðeigandi falli: jarðepli.

**II. Frá Magnúsi Jónssyni.**

1. Við 1. gr. Í stað »er bannað« kemur: er atvinnumálaráðherra heimilt að banna.
2. Við 2. gr. Greinin hefst þannig: Nú ætlar atvinnumálaráðherra að nota heimild 1. gr., og ákveður hann þá, að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands, með auglýsingu í Lögbirtingablaði o. s. frv.
3. Við 5. gr. Við greinina bætist: Þar skal og setja ákvæði, er tryggi, að verð á kartöflum fari ekki fram úr því, sem vera myndi, ef innflutningur væri frjáls.

**III. Frá Sveinbirni Högnasyni.**

Við 6. gr. Greinin fellur niður.